



# FRÉTTABRÉF BSSL

## EFNI BRÉFSINS:

Nýir hrútar á stöð .....	2
Klaufskurðarbás kynbóta- stöðvar Suðurlands .....	2
Sæðistakan er hafin .....	3
Til athugunar vegna skila á fjárbók 2007.....	3
Folalda og afdrifa- skýrslur .....	3
Fjármögnun fram- kvæmda fokdýr.....	4

**Munið**  
nautgriparræktar-  
ferð til Hollands.  
Skráning  
stendur yfir!

## Á DÖFINNI:

- Sauðfjárræktarfundir BSSL
- Rúningur- grunnnámskeið  
- helgina 24 - 25. nóvember Mófelsstaðakoti Skorradal
- Námskeið í sauðfjarsæðingum  
- þriðjudaginn 4. des. 2007 kl. 13:00-18:00 á Stóra-Ármóti

## Haustrundir sauðfjárræktarinnar

Hinir árlegu sauðfjárræktarfundir Búnaðarsambands Suðurlands verða haldnir dagana 21. og 22. nóvember nk. Á fundunum verður farið yfir niðurstöður hrútasýninga og veittar viðurkenningar. Hrutakosti Sauðfjarsæðingastöðvarinnar verður lýst og farið verður yfir stöðu stöðvarinnar.

### Fundað verður á eftirtöldum stöðum:

Miðvikudaginn 21. nóvember:

- Þingborg kl. 14:00
- Heimalandi kl. 20:00

Fimmtudaginn 22. nóvember:

- Smyrlabjörg kl. 14:00
- Hótel Klaustur kl. 20:00

Stefnt verður að því að hafa hrútaskrá sauðfjarsæðingastöðvanna tilbúna og verður henni dreift á fundunum. Einnig er minnt á að eftir fundina verður hægt að nálgast hana á skrifstofum Búnaðarsambandsins og hana verður einnig að finna á heimasíðu þess.

*Sauðfjárræktarráðunautar BSSL*

## DNA-sýnataka í A-Skaft og V-Skaft

Síðustu vikuna í nóvember hefur verið ákveðið að bjóða upp á DNA-sýnatöku úr hrossum í Vestur- og Austur-Skaftafellssýslu. Það fer eftir þátttöku og veðri hvaða dagar verða fyrir valinu en stefnt er á mánudaginn 26. nóvember í V-Skaftafellssýslu og þriðjudaginn 27. nóvember í A-Skaftafellssýslu. Þeir sem hafa áhuga ættu endilega að hafa samband fyrir **22. nóvember** n.k. í síma 480-1800/480-1806 eða senda tölvupóst á netfangið [halla@bssl.is](mailto:halla@bssl.is). Austur-Skaftafellingar geta einnig haft samband við Grétar Mát í síma 470-8088 /864-6487 eða sent tölvupóst á netfangið [askaft@bondi.is](mailto:askaft@bondi.is). Þegar þátttaka er ljós verður hringt í þá sem hafa skráð sig og nánari tímasetningar kynntar. Á heimasíðu BSSL [www.bssl.is](http://www.bssl.is) er gjaldskráin auglýst ásamt nánari upplýsingum um sýnatökuna sjálfa.

*Halla Eygló Sveinsdóttir*

## Ábúendur á lögbýlum athugið! Forðagæsluskýrslur

Munið að skila ber forðagæsluskýrslum fyrir **20. nóvember n.k.** Eftir þann tíma verða bændur heimsóttir á þeirra kostnað. Skila skal skýrslunum til eftirfarandi aðila:

### Árnes- og Rangárvallasýslur:

Óðinn Örn Jóhannsson, Austurvegi 1 800 Selfoss

### Mýrdalshreppur:

Ólafur Þorsteinn Gunnarsson, Giljum í Mýrdal, 871 Vík

### Austur-Skaftafellssýsla og Skaftárhreppur:

Grétar Mát Þorkelsson, Nýheimum, 780 Höfn í Hornafirði eða Kirkjubæjarstofa 880 Kirkjubæjarklaustur

## Sauðfjársæðingastöð Suðurlands

### Nýir hrútar á stöð



Alls verða 20 nýir hrútar á sæðingastöðvunum í vetur en þeir eru:

- 02979 Gnýr frá Gullbrekku (fæddur á Vatnsenda) (kollóttur)
- 03980 Falur frá Heydalsá (kollóttur)
- 03981 Eldur frá Húsavík (kollóttur)
- 04982 Kóngsson frá Smáhömrum (kollóttur)
- 04983 Örvar frá Heydalsá (kollóttur)
- 05984 Svanur frá Gautsdal (fæddur á Kambi) (kollóttur)
- 06985 Olli frá Stóra-Fjarðarhorni (kollóttur)
- 03986 Geri frá Gróustöðum (forystuhrútur)
- 03987 Bylur frá Skútustöðum (hyrndur)
- 03988 Vorm frá Holtahólum (hyrndur)
- 03989 Kaldi frá Selalæk (fæddur á Kaldbak) (hyrndur)
- 04990 Jón Páll frá Hofsstöðum (hyrndur)
- 04991 Þróttur frá Staðarbakka (hyrndur)
- 04992 Kat frá Sveinungsvík (hyrndur)
- 05993 Kroppur frá Hagalandi (hyrndur)
- 06994 Bifur frá Hesti (hyrndur)
- 06995 Bjálki frá Hesti (hyrndur)
- 06996 Þráður frá Hesti (hyrndur)
- 06997 Prins frá Ytri-Skógum (hyrndur)
- 06998 Dropi frá Ytri-Skógum (hyrndur)

Ný hrútaskrá er nú í prentun og er von á að hún verði komin út fyrir sauðfjarræktarfundina á Suðulandi sem verða 21. og 22. nóvember. Hrutaskráin er þegar komin á [www.bssl.is](http://www.bssl.is)

### Klaufskurðarbás Kynbótastöðvar Suðurlands

Klaufskurðarbás Kynbótastöðvar Suðurlands var sýndur á Tilraunabúinu Stóra-Ármóti þann 9. nóvember sl. Dönsku klaufskurðarmeistararnir Bent og Jonna Frandsen sýndu verklag sitt og handbragð og gekk klaufskurðurinn hratt fyrir sig hjá þessu vana fólki. Einnig fóru hjónin í klaufskurð á skólabúinu á Hvanneyri og í Auðsholti í Hrunamannahrepp. Það vakti athygli dönsku klaufskurðarmeistaranna hvað klaufhirðu hérlendis er mikið ábótavant en jafnframt að íslenskar kýr eru lausar við klaufasjúkdóma sem bæði tengjast fóðun og sýkingum og hrjáir kýr víða erlendis.

Klaufskurðarbásinn er nú kominn í fulla notkun og er ástæða er til að hvetja bændur til að líta sérstaklega á klaufir kúnna næst þegar þeir fara í fjósið. Það er viðurkennd staðreynd að illa hirtar klaufir og fótamein hafa verulega neikvæð áhrif á líðan kúa og þar með nyt og frjósemi.

Tekið er á móti pöntunum í síma 480-1800 eða GSM 862-1984.

## Sauðfjársæðingastöð Suðurlands Sæðistakan er hafin

Sæðistaka til djúpfyrstingar hófst hjá Sauðfjársæðingastöð Suðurlands 6. nóvember sl. Sæðið verður nýtt til útflutnings sem og til notkunar hér innanlands á ákveðnum svæðum.

Afgreiðsla á fersku hrútasæði frá stöðinni hefst 1. desember og stendur samfelld til 21. desember. Áður en sæðistaka hefst er hægt að panta sæði í síma 480-1800 eða hjá Sveini Sigurmundssyni í síma 480-1801 og 894-7146. Fax er 480-1818. Eftir að sæðistaka hefst þurfa pantanir á skipulögð sæðingasvæði að berast fyrir kl. 9 á morgnana í síma 482-1920. Sæðispantanir berist á netfangið [sveinn@bssl.is](mailto:sveinn@bssl.is) deginum áður. Fyrir Austur-Skaftafellsýslu austan Kolgrímu sér Grétar Már Porkelsson um pantanir í síma 864-6487.

**Verð á sæði.** Sæðisskammturinn í eina á mun kosta kr 400,- Magnafsláttur sem nemur 55 kr á skammt er veittur þegar fjárræktarfélagin sjá um pantanir og skipulagningu heima fyrir og/eða þegar 100 ær eða fleiri eru sæddar hjá einstökum bændum. Frosið sæði í eina á kostar 400 kr. Ekki verða afgreiddar pantanir í færri en 3 ær. Verð á sæðingu fyrir utan akstur gæti verið á bilinu 190 kr til 230 kr á kind. Öll verð eru án vsk. Ekki verða sendir út óútfylltir reikningar en upplýsingar um fjölda sæddra áa þurfa að berast fyrir jól og í allra síðasta lagi fyrir áramót, annars reiknast 10% álag eða afsláttur bakfærast sé um hann að ræða. Best er ef sæðingabókum er skilað eða sæðingar eru skráðar í töflu sem er á heimasíðu BSSL, [www.bssl.is](http://www.bssl.is) Flutningskostnaður verður tekinn sé um aukasendingar utan skipulagðra daga að ræða.

**Sæðingatæki.** Þegar fjárræktarfélag sjá um skipulag sæðinga mun Sauðfjársæðingastöðin útvega sæðingatæki endurgjaldslaust, að öðrum kosti verða þau leigð fyrir kr. 2.000,-. Stöðin útvegar og selur sæðingatæki til þeirra sem þess óska meðan birgðir endast.

**Svæðisskipting.** Skiptingin verður með sama sniði og síðustu ár. Lágsvæitir verða fyrstu 4 dagana, Skaftárhreppur og hluti Rangárvallasýslu næstu 4 daga og að lokum uppsveitir Árnassýslu. Austur-Skaftafellsýsla miðast við rútuferðir.

- A. Frá 9.-12. des. Mýrdalur, Eyjafjöll, Landeyjar, Hvolhreppur, Djúpárhreppur, Ásahreppur, og Flói.
- B. Frá 13.-16. des. Skaftárhreppur, Fljótshlíð, Rangárvellir og Holta og Landsveit.
- C. Frá 17.- 20. des. Uppsveitir Árnassýslu og vestan Ölfusár.
- D. Austur-Skaftafellsýsla. 2. des. 4. des. 7. des. 9. des. og 11. des.

**Sæðinganámskeið.** Námskeið í sauðfjársæðingum verður haldið þann 4. desember að Stóra Ármóti og hefst kl. 13.30. Vanir sæðingamenn eru velkomnir.

## Til athugunar vegna skila á fjárbók fyrir árið 2007

Nýtt skýrsluhaldskerfi, [fjarvs.is](http://fjarvs.is), var tekið í gagnið hjá Bændasamtökum Íslands á þessu ári og er allt skýrsluhald skráð í þetta kerfi, hvort sem bændur skila fjárbókum, gögnum úr gamla Fjávísi eða eru komnir í netskil í [fjarvis.is](http://fjarvis.is).

Það eru nokkur atriði sem skýrsluhaldarar sem skila fjárbókum þurfa að hafa í huga áður en bækurnar eru sendar til Búnaðarsambandsins til skráningar.

1. **Fullorðinsnúmer:** Gefa verður öllum ásettum lömbum, bæði lambgimbrum og lambhrútum, fullorðinsnúmer áður en bók er skilað til skráningar.
2. **Kaup/sala:** Skrá þarf aftast í haustbók á þar til gerð eyðublöð kaup á gripum inn á búið og gefa viðkomandi grip fullorðinsnúmer. Eins þarf að skrá alla sölu. Þeir sem ekki skiluðu vorupplýsingum til skráningar eftir sauðburð og skila því gulu/grænu fjárbókinni þurfa að láta fylgja með á blaði ef gripur hefur verið seldur eða keyptur. Koma þarf fram hvaða gripur er seldur eða keyptur og af hverjum var keypt eða selt.

Mikilvægt er að gera grein fyrir öllum lömbum. Ef þau vantar upp á heimtur að gera þá grein fyrir því.

Við viljum síðan hvetja skýrsluhaldara í sauðfjarrækt á Suðurlandi að skila skýrsluhaldsupplýsingum fyrir árið 2007 semfyrsttilskráningaránæstu skrifstofu Búnaðarsambandsins þannig að uppgjöri verði lokið fyrir fengitið. Þannig nýtist skýrsluhaldið best og kemur bóndanum til góða.

*Sauðfjarræktarráðunautar BSSL*

## Folalda- og afdrifaskýrslur

Nú ættu allir ræktendur að hafa fengið sendar hrossaskýrslur frá Bændasamtökum Íslands. Það er um að gera að fylla þær strax út og koma þeim til Búnaðarsambandsins svo þær tynist ekki í jólahreingerningunum. Munið að setja endilega inn lit á folöldum, ef þið kunið ekki litanúmerin má bara skrifa litinn til hliðar. Á heimasíðu BSSL [www.bssl.is](http://www.bssl.is) er að finna ýmsan fróðleik um skýrsluhaldið m.a. litanúmeratöflu. Hana er að finna undir hrossarækt, skýrsluhald, litatafla, ef smellt er á litatöfluna má sjá hvaða númer hver litur hefur. Afdrifaskýrslunni hefur verið breytt lítillega en bætt hefur verið inn upplýsingum um lit, örmerki og DNA-greiningu. Þessar breytingar er til heilmikilla bóta fyrir ræktandann því nú má á auðveldan hátt sjá hvort litaskráningu vantar, hvort hrossið er einstaklingsmerkt og hvort búið er að taka úr því DNA-sýni. Endilega skoðið þessar upplýsingar vel og sendið inn leiðréttingar ef þess þarf.

*Halla Eygló Sveinsdóttir*

## Fjármögnun framkvæmda fokdýr nú um stundir

Með nýjustu stýrivaxtaákvörðun Seðlabankans er ljóst að forráðamönnum bankans er full alvara með því að nota þetta stjórnþæki til að reyna að sporna við ofpenslunni í efnahagslífinu og verðbólgunni sem henni fylgir.

Þessi ákvörðun hafði þegar áhrif á vaxtakjör viðskiptabankanna sem allir birtu nýjar vaxtatölur sínar samdægurs, eða 1. nóvember. Kjörvextir (án álags) verðtryggðra skuldabréfalána eru nú á bilinu 8,35 % til 8,50% og kjörvextir óverðtryggðra skuldabréfalána eru nú á bilinu 16,2% til 16,80%. Skuldabréf eru alla jafna óverðtryggð séu þau tekin til styttri tíma en 5 ára en alltaf verðtryggð séu þau tekin til lengri tíma en 5 ár.

Yfirdráttarvextir samkvæmt vaxtatöflum hafa nú 23% til 24% vexti til einstaklinga en örlítið lægri til fyrirtækja.

Á sama tíma er krónan afar sterk gagnvart erlendum myntum. Skráning gengisvísitölunnar hefur verið undir 120 stigum frá því um miðjan september og er þann 14. nóvember þegar

þetta er skrifað um 116 stig. Þetta þýðir að taki bændur eða aðrir erlent lán við þessar aðstæður eru verulegar líkur á að höfuðstóll lánsins sem tekið er hækki allnokkuð þegar krónan veikist. Auk þess hafa skuldavextir erlendra lána hækkað töluvert frá því sem best gerðist fyrir nokkrum misserum þó vissulega séu þeir verulega lægri en hér á Íslandi.

Að þessu sögðu er ljóst að nú er afar slæmur tími til að hefja framkvæmdir sem fjármagna þarf að verulegu eða öllu leyti með lánsfé. Þeir einir græða núna sem **eiga töluvert eigið fé** og geta nýtt sér sterka krónu til að kaupa byggingarefni og/ eða tækjabúnað á þessu hagstæða gengi. Þeir hinir sömu geta líka nýtt sér þá innlánsvexti sem nú bjóðast hér á landi og eru trúlega betri en við höfum séð áður, a.m.k. um allnokkurt skeið.

Jóhannes Hr. Símonarson

# Allt fyrir kúabóndann!



Kálfafóstrur frá Förster Technic



Innréttingar og steinristar í fjós frá De Boer



Kúaburstar frá Strangko - einfaldir í notkun

Gerum verðtilboð!



Hafðu samband við sölumenn Líflands og fáðu bækling eða frekari upplýsingar.

Sími 540 1100 • [www.lifland.is](http://www.lifland.is) • [lifland@lifland.is](mailto:lifland@lifland.is)